

## LISTIR

## Hjálmar W. Hannesson, sendiherra í Kanada

## Óþlægður akur á vissum sviðum

Hjálmar W. Hannesson, sendiherra Íslands í Kanada, hefur haft nóg að gera í nær fjögurra mánaða gömlu sendiráðinu í Ottawa.

Steinþór Guðbjartsson settist niður með sendiherranum, sem var líka fyrsti sendiherra Íslands í Kína.

OPINBER heimsókn Gary Doers, forsætisráðherra Manitoba, hefst á morgun, en hann kemur hingað með fjölmennri sendinefnd í boði Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra. Hjálmar W. Hannesson og Neil Bardal, kjöræðismaður Íslands í Manitoba, áttu fund með Doer fyrr í sumar og var fundurinn liður í undirbúningi heimsóknarinnar, en þetta var eitt fyrsta verkefnið, sem sendiherrann sinnti í Manitoba.

## Spennandi samfélag

Hjálmar W. Hannesson afhenti landsstjóra Kanada trúnaðarbréf sitt 9. apríl og flutti til Kanada í lok sama mánaðar. Starfsemi hófst í íslenska sendiráðinu í Ottawa 1. maí og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, opnaði það formlega 22. maí. „Jafnhliða almennum sendiráðsstörfum erum við að stofna sendiráðið. Það er dálítið snúið og gerist ekki af sjálfu sér,“ segir Hjálmar. Hann bætir við að óhjákvæmilega lendi mikið starf á mökum starfsmanna en hann er kvæntur Önnu Birgis. Helga Bertelsen er sendiráðsfulltrúi, kanadískur ritari starfar með þeim og kanadískur aðstoðarmaður/bílstjóri er í hlutastarfi.

Menningarmálin hafa tekið mikinn tíma, að sögn Hjálmars. „Þar er byggt á góðum grunni, þessum vestur-íslenska merg, og samskiptum við fólkið í Þjóðræknisfélaginu og deildum þess í Kanada,“ segir hann og getur þess að ótrúlegur fjöldi manns af vestur-íslenskum ættum hafi haft samband eftir að sendiráðið tók til starfa, ekki síst fólk sem hafi ekki verið virkt í félögunum og ekki látið vita af sér áður. „Þetta er sérstaklega skemmtilegt,“ segir hann, „og Kanada er spennandi samfélag. Það er gaman að sjá hvað Kanadamönnum hefur tekist vel að mynda samfélag þar sem menning af ólíkum toga fær að blómstra. Íbúarnir eru Kanadamenn en þeir vita hvaðan þeir koma, hvar ræturnar eru, og leggja mikla áherslu á upprunann.“

## Mikil ferðalög treysta böndin

Kanada er sambandsríki 10 fylkja og þriggja norðursvæða og er mikil valddreifing milli ríkisins og fylkjanna. Hjálmar segir að ríkisstjórn Kanada ætlist beinlínis til þess að sendiherrar fari reglulega í opinberar heimsóknir til fylkjanna, hitti forystumenn og upplifi valddreifinguna. Því fylgi starfinu mikil ferðalög og þannig gefist gott tækifæri til að treysta og efla böndin við Kanadamenn af íslenskum ættum og aðra Kanadamenn sem láta sig Ísland og íslensk málefni varða.

Íbúar Kanada eru um 31 milljón og þar af búa tæplega 12 milljónir í Ontariofylki, rúmlega sjö milljónir í Québecfylki, um fjórar milljónir í Bresku Kólumbíu, um þrjár milljónir í Alberta, um 1,1 milljónir í Manitoba og um milljón í Saskatchewan, en færri í öðrum fylkjum og á norðursvæðunum.

Kanadamenn af íslenskum ættum eru fjölmennastir í Manitoba en Íslendingafélög eru í öllum fylkjum. Hjálmar segir að starfsemi þeirra



vesturheimur@mbl.is

se nokkur í t.d. Toronto og Montreal en um fjögurra tíma akstur sé frá Ottawa til fyrrnefndu borgarinnar en tveggja tíma akstur til hinnar. „Þetta eru miðsvæðisborgir sem skipta miklu máli en íbúar í Toronto eru til dæmis þrefalt fleiri en í Manitoba. Við þurfum ekki aðeins að ná til Vestur-Íslendinga í okkar starfi heldur líka til hins almenna Kanadamanns og fá hann til að gefa gaum að Íslandi og íslenskum mál-efnum. Það gerum við fyrst og

Kanada á skömmum tíma og m.a. í opinberar heimsóknir til Alberta og Manitoba. Hjálmar segir að í heimsókninni til Alberta hafi komið fram að heimamenn þekktu til vetnisrannsóknna Íslendinga og hefðu spurt töluvert út í þær en hugsanlegt samstarf á þessu sviði sem öðrum væri spennandi. „Mér finnst mjög spennandi að takast á við hugsanlegt samstarf í báðar áttir í til dæmis banka- og fjármagnsgeiranum, en þar eru margs konar fletir eins og þjónustustarfsemi á sviði bankamála,“ segir hann. „Það eru miklir peningar í Kanada, ekki síst í Alberta, og Kanadamenn fjárfesta úti um allan heim enda líta þeir á heiminn sem einn markað eins og við gerum í okkar útrás.“

## Menningin blómstrar

Menningarsamskipti Íslands og Kanada hafa verið mjög mikil undanfarin misseri og er ýmislegt á döfinni í þeim efnun, m.a. opnun vikingasýningar Smithsonianins í Washington í Ottawa/Hull í byrjun maí á næsta ári. Þessi samskipti náðu hámarki í fyrra, þegar þess var minnst að 1000 ár voru liðin frá því Íslendingar komu fyrst til Kanada og 125 ár frá því Íslendingar settust að í Gimli við Winnipegvatn í Manitoba.

Hjálmar segir að stór hluti starfsins felist í því að koma íslenskri menningu á framfæri og vissulega yrði gaman að geta endurtekið árið í fyrra að því leyti. Það yrði hins vegar ekki hægt vegna þess að slík starfsemi væri mjög kostnaðarsöm auk þess sem um sérverkefni hefði verið að ræða. Samt sem áður yrði reynt að gera sem mest og helsta verkefni Eids Guðnasonar, aðalræðismanns Íslands í Winnipeg, væri að viðhalda og efla samskiptin við Vestur-Íslendinga.

## Fyrstur í Kína og Kanada

Hjálmar hóf störf í utanríkisþjónustunni í ársbyrjun 1976 og var m.a. fyrsti sendiherra Íslands í Kína. Eftir rúm þrjú ár þar varð hann skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og staðgengill ráðuneytisstjóra í þrjú ár eða þar til hann fór til Kanada.

Hann segir mikinn mun á því að byrja í Kanada en verið hafi í Kína. „Í Kanada erum við í sama menningarheimi en allt annar menningarheimur er í Kína og þar af leiðandi ganga hlutirnir þar öðruvísi. Þar rekur maður sig á ýmislegt vegna vankunnáttu á þeim menningarheimi og það tefur fyrir, en í Kanada er allt mun léttara. Þegar við fórum til Kína voru öll fyrrverandi sœvélýðveldin rétt búin að opna sendiráð í Peking og þar var gífurleg húsnæðisekla en fyrir vikið var erfitt að finna heppilegt húsnæði. Í Ottawa var keypt hús í byggingu og skrifstofuhúsnæði leigt á ágætum stað í miðbænum. Ráðuneytið sá um þetta en ég þurfti sjálfur að ganga frá þessum hlutum í Kína. En mér hefur þótt gaman að fást við það að opna sendiráð á báðum stöðum.“

steg@mbl.is



Guðni Harðarson með verk sitt í baksýn.

## Sýnir akrýlmyndir á striga í Fold

GUÐNI Harðarson opnar málverkasýningu í Baksalnum í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14-16 í dag, laugardag, kl. 15. Sýninguna nefnir listamaðurinn Íhugun en þar eru um tuttugu verk unnin með akrýllitum á striga.

Guðni er sjálfmenntaður í myndlist. Hann hefur haldið margar einkasýningar, bæði hérlendis og

erlendis, og tekið þátt í samsýningum. Guðni býr Baden í Austurríki og verk hans eru reglulega sýnd í tveimur galleríum í Austurríki, Galerie Peithner-Lichtenfels, Vínarborg, (www.peithner-lichtenfels.at) og Galerie Menotti, St.Pölten.

Gallerí Fold er opið daglega frá kl. 10-18, laugardaga og sunnudaga til kl. 17.

## Með vífið í lúkunum á svið að nýju

SÝNINGAR hefjast á ný í Borgarleikhúsinu í kvöld á gamanleiknum Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney sem frumsýnt var sl. vor. Efni verksins hefur verið snúið upp á íslenskar aðstæður og þýtt af Árna Ibsen.

Leikarar eru Steinn Ármann Magnússon, Eggert Þorleifsson, Helga Braga Jónsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Júlíus Brjásson, Halldór Gylfason, Gunnar Hansson og Ární Pétur Guðjónsson. Leikstjóri er Þór Túliníus og leikmyndahönnuður er Stigur Steinþórsson.



Morgunblaðið/Porkell

Helga Braga Jónsdóttir í hlutverki Barböru, annarrar eigin konu Jóns leigubílstjóra.

## Kallar fram íslenska menningu

KANADÍSKI listmálarinn Louise Jonasson opnar á mánudag kl. 17 sýningu sem ber yfirskriftina Míningar um ey eða Ísland Souvenir í miðrymi Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Tilefni sýningarinnar má rekja til heimsóknar forsætisráðherra Manitoba, Gary Doer, til Íslands en að hans ósk sýnir Louise verk sín hér á landi sem fulltrúi þeirra Íslendinga sem flutt hafa vestur um haf.

Louise þykir fara ótrúðnar slóðir við gerð verka sína. Hún kemur í fyrsta skipti til Íslands í tilefni sýningarinnar en í sýningarskrá, sem gefin er út af þessu tilefni, segir Svavar Gestsson fyrrum aðalræðismaður Íslendinga í Kanada, að það stappi nærri yfirnáttúrulegum tíðindum hve margt í myndverki Louise sé íslenskt og á þá við það litaval og þá náttúrusýn sem listmálarinn endurspeglar í verkum sínum þótt hann hafi aldrei stigið fæti á íslenska grund. Í sama streng tekur dr. Anne Brydon sem

segir í sýningarskránni að í verkum Louise sé að finna landslag ímyndunarafslans sem kallar fram íslenska menningu og sögu, nokkuð sem Louise hefur aldrei séð nema á ljósmyndum, í bókum og slitróttir frásögn innflytjendanna, afa hennar og ömmu og síðar föður hennar, en málverkin eru tileinkuð minningu hans.

Louise Jonasson er fædd í Winnipeg og lagði stund á listnámi í Manitoba. Hún hefur haldið fjölmargar einka- og samsýningar og verk hennar eru í eigu margra opinberra stofnana í Kanada.

Sýningin stendur til 9. september.



Verk eftir Louise Jonasson.